



Bíldudalur 21.02.2018

**Efni: Skýrsla vegna atviks við kví 7 í Laugardal, Tálknafirði**

Klukkan 9:42 að morgni mánudagsins 12. febrúar sá starfsfólk í fóðurstöð Arnarlax í gegnum myndavélakerfi að eldiskví 7 í Laugardal var aflöguð. Haft var samband strax við svæðisstjórnann í Laugardal og honum gert viðvart um að fara þyrfti tafarlaust að kvínni.

Þegar svæðisstjórninn ásamt áhafnar meðlimum komu að kvínni sáu þeir að innri hringur kvíarinnar var brotin á einum stað og sjór farin að komast inn í hringinn. Þetta orsakaði að handriðið á kvínni var farið að halla í átt að sjólinu. Áhöfnin hófst strax handar við að reisa við handriðið og tryggja kvína. Fuglanetið var fastbundið og lá yfir allan tímann.

Um klukkustund eftir að yfirmenn í sjódeild Arnarlax fengu skýrslu um ástandið var tekin ákvörðun um að færa fisk sem var í kvínni yfir að aðra kví. Starfsmenn sjódeildar fóru í undirbúning aðgerðarinnar og voru starfsmenn í Arnarfirði einnig kallaðir út til aðstoðar. Á þessum tímapunkti var haft samband við MAST símleiðis og var símtali fylgt eftir með tölvupósti.

Veðurspáin var slæm fyrir næsta sólarhring og stjórnendur sjódeildar ákváðu að öruggast væri að tæma kvína og að flutningur með brunnbát væri besta leiðin til þess að flytja fiskinn.

Stjórnendur sjódeildar hafa ekki komist að nákvæmri niðurstöðu um orsök þess að innri flothringur fór í sundur, en hefur fengið til sín þriðja aðila, Sintef Noregi, til þess að rannsaka málið.

Arnarlax mun skila niðurstöðum rannsóknar Sintef til MAST um leið og þær berast.

F.h. Arnarlax  
Kristian B. Matthíasson  
Forstjóri

Myndir

